

## REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1108/2009

2012/EES/32/03

frá 21. október 2009

## um breytingu á reglugerð (EB) nr. 216/2008 að því er varðar flugvelli, rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og um niðurfellingu tilskipunar 2006/23/EB (\*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 2. mgr. 80. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna <sup>(1)</sup>,með hliðsjón af álitum svæðanefndarinnar <sup>(2)</sup>,í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálan <sup>(3)</sup>,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í orðsendingu sinni til ráðsins, Evrópuþingsins, efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna og svæðanefndarinnar frá 15. nóvember 2005 sem ber yfirskriftina „Útvíkkun verkefna Flugöryggisstofnunar Evrópu – áætlun fyrir 2010“ tilkynnti framkvæmdastjórnin um áform sín um að útvíkka smám saman verkefni Flugöryggisstofnunar Evrópu (Flugöryggisstofnunarinnar) í því skyni að koma á heildarkerfissnálgun í flughöfnum og á flugvöllum að því er varðar öryggi og rekstrarsamhæfi, flugleiðsöguþjónustu (ANS) og rekstrarstjórnun flugumferðar (ATM).
- 2) Stöðugur vöxtur flugsamgangna í Evrópu hefur í för með sér mörg viðgangsefni, einkum að því er varðar meginöryggisþætti flugvalla og rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu. Af þeim sökum þarf að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að draga úr áhættu í því skyni að tryggja öryggi með samræmdri og heildrænni reglusetningarnálgun í öllum aðildarríkjunum.

- 3) Efla þarf árangur framtakaverkefnis um samevrópsku loftrými með samræmdum öryggisþáttum fyrir flugvelli og rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu. Í þessu skyni skal einnig þróa viðeigandi ramma um öryggisreglur með tilliti til útbreiðslu nýrrar tækni á þessu sviði.

- 4) Bandalagið skal mæla fyrir um, í samræmi við staðla og ráðlagðar starfsvenjur, sem sett eru fram í samningi um alþjóðlegt almenningsflug sem undirritaður var í Chicago 7. desember 1944 (Chicago-samningurinn), grunnkröfur sem gilda um framleiðsluvörur til flugs, hluta þeirra og búnað, flugvelli og veitingu rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, grunnkröfur um aðila og fyrirtæki, sem taka þátt í rekstri flugvalla og veitingu rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu ásamt grunnkröfum um aðila og framleiðsluvörur sem koma við sögu við þjálfun flugumferðarstjóra og læknisfræðilegt mat á þeim. Veita skal framkvæmdastjórninni heimild til að semja nauðsynlegar, tengdar framkvæmdarreglur.

- 5) Þegar þjónusta, sem samanstendur af því að búa til og vinna gögn ásamt því að sníða þau og afhenda þau til notkunar fyrir flugleiðsögu, er frábrugðin flugleiðsöguþjónustu, eins og hún er skilgreind í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (rammareglugerðin) <sup>(4)</sup> skal framkvæmdastjórnin þróa sértækar kröfur sem aðlagðar eru að slíki þjónustu.

- 6) Ekki er viðeigandi að setja sameiginlegar reglur um alla flugvelli. Einkum skulu flugvellir, sem ekki eru til afnota fyrir almenning og flugvellir sem aðallega eru notaðir til tómsundaflugs eða til að þjónusta flutningaflug, annað en það sem samrýmist verklagi við blindaðflug, og hafa styttri en 800 metra langa flugbraut lagða slitlagi, falla undir reglubundið eftirlit aðildarríkjanna, án þess þó að þessi reglugerð leggi þær kvaðir á önnur aðildarríki að þau viðurkenni slíkt landsbundið fyrirkomulag. Hins vegar skulu aðildarríki grípa til hóflegra ráðstafana til að auka, almennt séð, öryggisstig tómsundaflugs og alls flutningaflugs. Framkvæmdastjórnin mun, innan tilskilins tíma, endurskoða hvort útvíkka skuli gildissvið flugvalla, sem nú eru undanskildir, að teknu fullu tilliti til þeirra áhrifa sem það hefur á slíka flugvelli.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 309, 24.11.2009, bls. 51. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 165/2011 frá 15. desember 2011 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 15, 15.3.2012, bls. 64.

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB C 182, 4.8.2009, bls. 50.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB C 120, 28.5.2009, bls. 52.

<sup>(3)</sup> Álit Evrópuþingsins frá 25. mars 2009 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindum ESB) og ákvörðun ráðsins frá 7. september 2009.

<sup>(4)</sup> Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 1.

- 7) Að teknu tilliti til mikils fjölbreytileika flugvalla og afar mismunandi grunnvirkja og umhverfis þeirra skulu almennar öryggisreglur um flugvelli veita nauðsynlegan sveigjanleika til að uppfylla sérsniðnar kröfur með því að gæta þess að nægilegt jafnvægi skapist milli framkvæmdarreglna, vottunarforskrifta og viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur. Þessar reglur skulu vera í réttu hlutfalli við stærð, umferð, flokk og flækjustig flugvallar og eðli og umfang rekstursins þar því þar með er unnt að forðast óþarfa skrifinnsku og efnahagslega byrði, einkum fyrir minni flugvelli með mjög takmarkaða farþegaumferð.
- 8) Votta skal flugvallargrunnvirki og rekstur með einu og sama vottorðinu. Hins vegar mega aðildarríki votta flugvallargrunnvirki og rekstur sitt í hvoru lagi. Í því tilviki skal sama yfirvaldið afhenda vottorðin. Þeir aðilar sem reka fleiri en einn flugvöll geta farið fram á eitt vottorð sem gildir um rekstur og stjórnun allra flugvalla á þeirra ábyrgð, hafi þeir komið á fót viðeigandi grunnstarfsemi.
- 9) Framleiðsluvörur til flugs, hlutar þeirra og búnaður, flugvellir og þeirra búnaður, flugrekendur, sem annast flutningaflug og rekstur flugvalla, kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og veitendur þeirra, sem og flugmenn, flugumferðarstjórar og aðilar, framleiðsluvörur og fyrirtæki, sem koma við sögu við þjálfun þeirra og læknisfræðilegt mat á þeim, skulu fá vottun eða leyfi þegar staðfest hefur verið að þau samrýmist grunnkröfum sem Bandalagið á að mæla fyrir um í samræmi við staðla og ráðlagðar starfsvenjur sem sett eru fram í Chicago-samningnum. Veita skal framkvæmdastjórninni heimild til að semja nauðsynlegar framkvæmdarreglur til að ákveða skilyrðin fyrir útgáfu vottorðs eða skilyrðin fyrir því að skipta því út fyrir yfirlýsingu um getu, að teknu tilliti til áhættunnar í tengslum við mismunandi tegund reksturs og þjónustu.
- 10) Einungis skal setja framkvæmdarreglur er varða vottun á hönnun, framleiðslu og viðhaldi á kerfum fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu og kerfishlutum þeirra sem og fyrirtæki, sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi, þegar þau varða mikilvæg öryggismálefni, sem skilgreind eru að undan-gengnu ítarlegu mati á áhrifum.
- 11) Innan tilskilins tíma hyggst framkvæmdastjórnin hefja rannsókn á því hvort mögulegt og nauðsynlegt sé að láta faggilta aðila votta kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu auk þess að meta alla hugsanlega möguleika og áhrif. Framkvæmdastjórnin getur, ef við á, gert tillögu um frekari endurskoðun á þessari reglugerð sem byggist á heildarmati á áhrifum.
- 12) Samkvæmt stofnanakerfi Bandalagsins er framkvæmd laga Bandalagsins fyrst og fremst á ábyrgð aðildarríkjanna. Vottunarverkefni, sem krafist er í þessari reglugerð og reglum um framkvæmd hennar, skulu því unnin á landsvísu. Í tilteknum, skýrt skilgreindum, tilvikum skal Flugöryggisstofnunin einnig hafa heimild til að annast vottunarverkefni eins og tilgreint er í þessari reglugerð. Flugöryggisstofnuninni skal, af sömu ástæðum, einnig vera heimilt að gera nauðsynlegar ráðstafanir, í tengslum við þau svið sem þessi reglugerð tekur til, þegar það er besta leiðin til að tryggja samræmi og greiða fyrir starfsemi innri markaðarins.
- 13) Framkvæmdarreglurnar, sem Flugöryggisstofnunin á að þróa á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, skulu samdar í samræmi við niðurstöður samráðsferlis Flugöryggisstofnunarinnar, á grundvelli þess sem er aðlagð fyrir nýja hagsmunaaðila og byggist á ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 549/2004, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin) <sup>(1)</sup>, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) <sup>(2)</sup>, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) <sup>(3)</sup> og einkum lögleiddum, reglufestum öryggiskröfum Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu. Slíkar framkvæmdarreglur skulu samþykktar af hálfu framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem sett er fram í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004. Umbreytingarráðstafanir skulu gerðar til þess að tryggja að samþykki, sem þegar hafa verið veitt samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar, gildi áfram.
- 14) Reglugerðir (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 fela í sér ákvæði um ýmis konar eftirlitsstörf á vegum rekstrarstjórnunar flugumferðar, s.s. en ekki takmarkað við rekstrarsamhæfi og flæðistjórnun flugumferðar og stjórnun loftrýmis. Öll þessi svið taka til öryggisþátta sem taka þarf tillit til með tilhlýðilegum hætti. Þegar reglur eru settar um þessi málefni skulu aðildarríkin og framkvæmdastjórnin því tryggja að slíkir öryggisþættir hljóti viðeigandi umfjöllun með aðstoð viðeigandi samræmingar við Flugöryggisstofnunina.
- 15) Almenna markmiðið er að störf og verkefni séu flutt frá aðildarríkjunum til Flugöryggisstofnunarinnar með skilvirkum hætti, þ.m.t. störf og verkefni sem tengjast samvinnu þeirra innan eftirlitsnefndar um öryggismál hjá Evrópustofnun um öryggi flugleiðsögu, án þess að dregið sé að neinu leyti úr því mikla öryggi sem nú er fyrir hendi og án þess að það hafi neikvæð áhrif á vottunaráætlanir. Samþykkja skal viðeigandi ráðstafanir til að nauðsynleg umbreyting geti átt sér stað. Flugöryggisstofnun skal hafa nægilegt fjármagn til að sinna nýjum verkefnum sínum og tímasetning á úthlutun fjármagnsins skal byggjast á skilgreindri þörf og áætlun um samþykki viðkomandi tengdra framkvæmdarreglna og gildistöku þeirra.

(1) Stjtuð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.

(2) Stjtuð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

(3) Stjtuð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.

- 16) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 216/2008 <sup>(1)</sup> er mótaður viðeigandi heildarrámi um skilgreiningu og framkvæmd á sameiginlegum tæknikröfum og stjórnsýslumæðferð á sviði almenningsflugs. Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB frá 5. apríl 2006 um Bandalagsskírteini fyrir flugumferðarstjóra <sup>(2)</sup> skal því felld úr gildi án þess að það hafi áhrif á vottun eða leyfisveitingu vara, aðila eða fyrirtækja sem þegar hefur farið fram í samræmi við þá tilskipun.
- 17) Að teknu tilliti til reglusetningar um starfsgreinar, sem ekki er fjallað um í þessari reglugerð, skulu aðildarríkin, að eigin frumkvæði, halda áfram að hafa heimild til þess að ákvarða eða halda m.a. í gildi kröfum vegna útgáfu vottorða eða leyfa til handa starfsfólki.
- 18) Framkvæmdarreglurnar, sem Flugöryggisstofnunin þróar á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, skulu þróaðar innan ramma ítarlegrar endurskoðunar á öryggiskröfum löggjafarinnar um samevrópskt loftrými, þ.e. reglugerðirnar (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004. Til að forðast tvíverknað, að því er varðar öryggiskröfur um rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu annarsvegar og til að forðast lagalegt tómarúm án viðeigandi öryggiskrafna hins vegar, skal gildistöku dagur breytinga á löggjöf um samevrópskt loftrými samrýmast gildistöku degi nýrra öryggiskrafna sem settar eru samkvæmt þessari reglugerð.
- 19) Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari reglugerð skulu samþykktar í samræmi við ákvörðun ráðsins 1999/468/EB frá 28. júní 1999 um reglur um meðferð framkvæmdavalds sem framkvæmdastjórninni er falið <sup>(3)</sup>.
- 20) Einkum skal veita framkvæmdastjórninni heimild til að samþykkja framkvæmdarreglur um útgáfu skírteina fyrir flugumferðarstjóra og samþykki í tengslum við þau, flugvelli og rekstur þeirra, rekstrarstjórnun flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu og tilheyrandi vottorð, eftirlit og framfylgd sem og að samþykkja reglugerð um þöknanir og gjöld Flugöryggisstofnunarinnar. Þar eð þessar ráðstafanir eru almenns eðlis og ætlaðar til breytinga á atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í reglugerð (EB) nr. 216/2008, m.a. með nýjum viðbótatriðum, sem ekki teljast grundvallaratriði, skulu þær samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferð með grannskoðun sem kveðið er á um í 5. gr. a í ákvörðun 1999/468/EB.
- 21) Með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna skal framkvæmdastjórnin, ef nauðsyn krefur, beina tilmælum til ráðsins um að setja ramma um samræmingu á milli Bandalagsins og Alþjóðflugmálastofnunarinnar (ICAO) varðandi öryggisúttektir í því skyni að forðast tvíverknað og nýta fjármagn með skilvirkum hætti.
- 22) Þegar gerð eru drög að öryggisreglum skal Flugöryggisstofnunin tryggja að allir hagsmunaaðilar komi þar að. Álitsgerðir um móttun reglna skulu byggjast á fullu samráði við alla hagsmunaaðila, þ.m.t. smærri atvinnurekendur, sem og á viðeigandi mati á mögulegum áhrifum þeirra á viðeigandi sviðum. Framkvæmdastjórnin skal, eins og kveðið er á um í reglugerð (EB) nr. 216/2008, hafa samráð við ráðgjafarnefnd hagsmunaaðila áður en ákvarðanir eru teknar.

## SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

## 1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 216/2008 er breytt sem hér segir:

## 1. Í stað 1. gr. komi eftirfarandi:

## „1. gr.

**Gildissvið**

## 1. Þessi reglugerð gildir um:

- a) hönnun, framleiðslu, viðhald og rekstur framleiðsluvara til flugs, hluta þeirra og búnaðar sem og starfsfólk og fyrirtæki sem taka þátt í hönnun, framleiðslu og viðhaldi þessara framleiðsluvara, hluta og búnaðar,
- b) starfsfólk og fyrirtæki sem taka þátt í starfrækslu loftfara,
- c) hönnun, viðhald og rekstur flugvalla, auk starfsfólks og fyrirtækja sem hlut eiga þar að máli og, með fyrirvara um lög Bandalagsins og viðeigandi landslög um umhverfismál og skipulag landnotkunar, vöktun öryggis í nágreppi flugvalla,
- d) hönnun, framleiðslu og viðhald flugvallarbúnaðar, auk starfsfólks og fyrirtækja sem hlut eiga þar að máli,
- e) hönnun, framleiðslu og viðhald kerfa og kerfishluta vegna rekstrarstjórnunar flugumferðar og flugleiðsöguþjónustu (ATM/ANS), auk starfsfólks og fyrirtækja sem hlut eiga þar að máli,
- f) rekstrarstjórnun flugumferðar/ flugleiðsöguþjónustu, auk starfsfólks og fyrirtækja sem hlut eiga þar að máli.

<sup>(1)</sup> Stjótið. ESB L 79, 19.3.2008, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjótið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22.

<sup>(3)</sup> Stjótið. EB L 184, 17.7.1999, bls. 23.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um:
- a) vörur, hluta, búnað, starfsfólk og fyrirtækja, sem um getur í a- og b-lið 1. mgr., þegar um er að ræða aðgerðir eða þjónustu af hálfu hers, tolls, lögreglu, leitar- og björgunarsveita, slökkviliðs, strandgæslu eða svipaðar aðgerðir og þjónustu; aðildarríkin skulu skuldbinda sig til að tryggja að við þessar aðgerðir og þjónustu sé tekið tilhlýðilegt tillit til markmiða þessarar reglugerðar, eftir því sem unnt er,
  - b) flugvelli eða flugvallarhluta, sem og búnað, starfsfólk og fyrirtæki sem um getur í c- og d-lið 1. mgr. og falla undir stjórn og rekstur hersins,
  - c) rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, þ.m.t. kerfi og kerfishlutar, starfsfólk og fyrirtæki sem um getur í e- og f-lið 1. mgr. og herinn lætur í té. Aðildarríkin skulu skuldbinda sig til að tryggja að loftfar, sem um getur í a-lið þessarar málsgreinar, sé aðskilið frá öðrum loftförum, eftir því sem við á.
3. Aðildarríkin skulu, eftir því sem unnt er, tryggja að öll aðstaða til hernaðar, sem er til afnota fyrir almenning og sem um getur í b-lið 2. mgr. eða þjónusta af hálfu hersins, sem um getur í c-lið 2. mgr., bjóði upp á öryggisstig sem er a.m.k. eins virkt og það sem krafist er samkvæmt grunnkröfunum eins og þær eru skilgreindar í viðauka Va og Vb.“
2. Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:
- a) í stað d-liðar komi eftirfarandi:
    - „d) „hlutar og búnaður“: allir mælar, búnaður, kerfi, hluti, tækjabúnaður, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukahlutir, þ.m.t. fjarskiptabúnaður, sem eru notuð eða sem eru ætluð til notkunar við starfrækslu eða stjórn loftfars á flugi; undir þetta falla hlutar flugskrokks, hreyfils eða loftskrúfu eða búnaður sem er notaður til að stýra loftfari af jörðu niðri,“
  - b) eftirfarandi liður bætist við:
    - „da) „kerfishlutar rekstrarstjórnunar flugumferðar-/flugleiðsöguþjónustu“: allir kerfishlutar eins og þeir eru skilgreindir í 19. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 549/2004 frá 10. mars 2004 um setningu rammaákvæða um að koma á samevrópsku loftrými (ramma-reglugerðin) (\*),
- (\*) Stjtið. ESB L 96 31.3.2004, bls. 1.“
- c) eftirfarandi komi í stað h-liðar:
    - „h) „rekstraraðili“ lögaðili eða einstaklingur sem starfrækir eða hefur í hyggju að starfrækja eitt eða fleiri loftför eða reka einn eða fleiri flugvelli,“
    - d) eftirfarandi liður bætist við:
      - „m) „flugvöllur“: tiltekið svæði (þ.m.t. allar byggingar, mannvirki og búnaður) á landi eða á vatni eða á föstu mannvirki, föstu eða fljótandi mannvirki úti fyrir strönd, sem ætlað er að nokkru eða öllu leyti til afnota við komur og brottfarir loftfara eða hreyfingar þeirra á jörðu niðri,
      - n) „flugvallabúnaður“: hvers konar búnaður, tæki, fylgihlutir, hugbúnaður eða aukahlutir sem notaðir eru eða ætlaðir til að styðja við starfrækslu loftfara á flugvelli,
      - o) „hlað (e. apron)“: skilgreint svæði sem ætlað er fyrir loftför í því skyni að hleypa farþegum um borð eða frá borði, við hleðslu eða affermingu pósts eða farms, til eldsneytisáfyllingar eða viðhalds eða sem stæði fyrir loftför,
      - p) „hlaðumferðarþjónusta (e. apron management service)“: þjónusta sem veitt er til að stjórna aðgerðum og hreyfingum loftfara og ökutækja á hlaði,
      - q) „rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta“: aðgerðir á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar, eins og hún er skilgreind í 10. mgr. 2. gr. Reglugerðar (EB) nr. 549/2004, aðgerðir á sviði flugleiðsöguþjónustu, eins og hún er skilgreind í 4. mgr. 2. gr. þeirrar reglugerðar, og þjónusta sem byggist á því að búa til og vinna gögn, ásamt því að sníða þau og afhenda þau til notkunar fyrir almenna flugumferð að því er varðar flugleiðsögu þar sem öryggi skiptir sköpum,
      - r) „kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu“: hvers konar samsetning öryggistengds búnaðar og kerfa eins og það er skilgreint í 39. mgr. 2. gr. Reglugerðar (EB) nr. 549/2004,
      - s) „flugupplýsingaþjónusta“: þjónusta sem veitt er í þeim tilgangi að veita ráð og upplýsingar sem nýtast til öruggrar og skilvirkar framkvæmdar flugs,“

3. Eftirfarandi málsgreinar bætist við 4. gr.:

    - „3a. Flugvellir, þ.m.t. búnaður, sem er staðsettur á yfirráðasvæði sem fellur undir ákvæði sáttmálans, eru til afnota fyrir almenning, veita þjónustu fyrir flutningaflug og þar sem starfrækt er aðflug eða brottflug samkvæmt blindflugsreglum og

a) hafa flugbraut lagða slitlagi sem er a.m.k. 800 metrar að lengd eða

b) þjóna eingöngu þylrum

skulu fara að þessari reglugerð. Starfsfólk og fyrirtæki, sem taka þátt í rekstri þessara flugvalla, skulu fara að þessari reglugerð.

3b. Þrátt fyrir 3. mgr. a geta aðildarríki ákveðið að veita flugvelli undanþágu frá ákvæðum þessarar reglugerðar þar sem:

— ekki fleiri en 10 000 farþegar fara um hann á ári og

— ekki eiga sér stað fleiri en 850 flughreyfingar í tengslum við farm á ári.

Ef slík undanþága aðildarríkis samrýmist ekki almennum öryggismarkmiðum þessarar reglugerðar eða annarrar reglu í lögum Bandalagsins skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun, í samræmi við verndarráðstafanameðferð, sem um getur í 7. mgr. 65. gr., um að leyfa ekki umrædda undanþágu. Þegar svo er skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla undanþáguna.

3c. Rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta innan loftrýmis yfirráðasvæðis, sem fellur undir sáttmálan, auk hvers konar annars loftrýmis þar sem aðildarríkin beita reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 551/2004 frá 10. mars 2004 um skipulag og notkun loftrýmis í samevrópska loftrýminu (loftrýmisreglugerðin) (\*) í samræmi við 3. mgr. 1. gr. þeirrar reglugerðar, skulu samrýmast þessari reglugerð. Kerfi og kerfishlutar, starfsfólk og fyrirtæki, sem tengjast veitingu þessarar rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu skulu samrýmast þessari reglugerð.

(\*) Stj. tíð. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 20.

4. Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 2. mgr. 5. gr.:

„b) Í ráðstöfunum, sem um getur í 5. mgr., er heimilt að mæla fyrir um kröfur um vottun að því er varðar hluta og búnað. Vottorð fyrir hluta og búnað skal gefið út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að hlutarnir og búnaðurinn samrýmist ítarlegum lofthæfiforskriftum sem ákveðnar hafa verið til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr.

c) Ekki má starfrækja loftfar nema það hafi gilt lofthæfivottorð. Vottorð skal gefið út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að loftfarið samrýmist þeirri tegundarhönnun sem samþykkt er í tegundarvottorði þess og að viðeigandi upplýsingaskjöl, skoðanir og prófanir sýni að óhætt sé að starfrækja loftfarið. Þetta lofthæfivottorð skal haldast í gildi á meðan það er ekki fellt úr gildi tímabundið, afturkallað eða fellt endanlega úr gildi og á meðan loftfarinu er haldið við í samræmi við grunnkröfurnar, sem varða áframhaldandi lofthæfi og settar eru fram í lið 1.d í I. viðauka, og ráðstafanirnar sem samþykktar eru skv. 5. mgr.“

5. Eftirfarandi komi í stað 4. mgr. 7. gr.:

„4. Gerð skal krafa um vottorð fyrir hvern flughermisþjálfara sem notaður er við þjálfun flugmanna. Þetta vottorð skal gefið út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að tækið samrýmist reglunum sem settar eru til að tryggja samræmi við viðkomandi grunnkröfur, eins og mælt er fyrir um í III. viðauka.“

6. Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Starfræksla loftfara, sem um getur í b- og c-lið 1. mgr. 4. gr., skal samrýmast grunnkröfunum, sem settar eru fram í IV. viðauka, og, ef við á, í V. viðauka b.“

b) eftirfarandi breytingar eru gerðar á 5. mgr.:

i. í stað a-liðar komi eftirfarandi:

„a) skilyrði um að starfrækja loftfar í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í IV. viðauka, og, ef við á, í V. viðauka b.“

ii. í stað g-liðar komi eftirfarandi:

„g) hvernig starfræksla loftfara, sem um getur í ii. lið a-liðar og d- og h-lið II. viðauka, þegar þau eru notuð til flutningaflugs, samrýmast viðkomandi grunnkröfum sem settar eru fram í IV. viðauka, og, ef við á, í V. viðauka b.“

c) eftirfarandi undirliður bætist við 6. mgr.:

„—taka tillit til öryggisþátta sem tengjast rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu.“

## 7. Eftirfarandi greinar bætist við:

„8. gr. a

**Flugvellir**

1. Flugvellir og flugvallarbúnaður, ásamt rekstri flugvalla, skal samrýmast grunnkröfunum, sem settar eru fram í V. viðauka a, og, ef við á, í V. viðauka b.

2. Tryggja skal að flugvellir, flugvallarbúnaður og rekstur flugvalla samrýmist eftirfarandi:

- a) gera skal kröfu um vottorð fyrir hvern flugvöll. Vottorð og vottun um breytingar á því vottorði skulu gefin út þegar umsækjandinn hefur sýnt fram á að flugvöllurinn samrýmist vottunargrunni fyrir flugvelli, sem settur er fram í b-lið, og að flugvöllurinn hafi engin þau sérkenni eða einkenni sem gera hann óruggann í rekstri; vottorðið skal taka til flugvallarins, rekstrar hans og öryggistengds búnaðar hans,
- b) vottunargrunnur fyrir flugvöll samanstendur af eftirfarandi:
  - i. viðeigandi vottunarforskriftum sem tengjast tiltekinni tegund flugvalla,
  - ii. ákvæðum, sem jafngilt öryggisstig hefur verið samþykkt fyrir, og
  - iii. sérstökum, ítarlegum tækniforskriftum sem nauðsynlegar eru til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka a, þegar hönnunareinkenni tiltekins flugvallar eða reynsla af rekstri hans valda því að forskriftirnar, sem um getur í i. lið, verða ófullnægjandi eða óviðeigandi,
- c) í ráðstöfunum, sem um getur í 5. mgr., er heimilt að mæla fyrir um kröfur um vottun að því er varðar mikilvægan öryggisflugvallarbúnað. Vottorð fyrir slíkan búnað skal gefið út þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að búnaðurinn samrýmist ítarlegum forskriftum sem ákveðnar hafa verið til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr.,
- d) fyrirtæki, sem annast rekstur á flugvöllum, skulu sýna fram á hæfni sína og getu til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra. Þessi hæfni og geta skal viðurkennd með útgáfu vottorðs sem um getur í a-lið. Einnig er heimilt að viðurkenna hæfnina

og getuna með því að gefa út sérstakt vottorð ef aðildarríkið, þar sem flugvöllurinn er staðsettur, ákveður svo. Réttindi, sem veitt eru vottuðum aðila, og gildissvið vottorðs, þ.m.t. skrá yfir flugvelli sem á að reka, skulu tilgreind í vottorðinu,

- e) þrátt fyrir d-lið, geta aðildarríki ákveðið að veitendum hlaðumferðarþjónustu leyfist að gefa út yfirlýsingu um hæfni sína og getu til að rækja þær skyldur sem tengjast þjónustunni sem þeir veita.
3. Aðildarríki skulu tryggja að fyrir hendi séu ákvæði um öryggisvöktun flugvalla gagnvart starfsemi og þróun í nágrenni þeirra sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftför sem nota viðkomandi flugvöll.
4. Rekstraraðilar flugvalla skulu vakta starfsemi og þróun, sem gætu haft í för með sér óviðunandi öryggisáhættu fyrir flug í nágrenni flugvallarins, og skulu grípa til viðeigandi ráðstafana, innan sinna heimilda, til að draga úr henni.
5. Ráðstafanir, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þeirra krafna sem um getur í þessari grein, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmeðferðina með grannskoðun, sem um getur í 4. mgr. 65. gr.

Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

- a) skilyrði fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þann vottunargrunn sem gildir um tiltekinn flugvöll,
- b) skilyrði fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær ítarlegu forskriftir sem gilda um flugvallarbúnað,
- c) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð fyrir flugvelli og vottorð fyrir flugvallarbúnað, þ.m.t. rekstrarmörk sem tengjast tiltekinni hönnun flugvallarins,
- d) skilyrði fyrir því að reka flugvöll, í samræmi við grunnkröfurnar, sem settar eru fram í V. viðauka a, og, ef við á, í V. viðauka b,
- e) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorð sem um getur í d-lið 2. mgr.,

- f) skyldur handhafa vottorða,
- g) skilyrði fyrir því að viðurkenna og breyta flugvallarvottorðum, sem aðildarríkin hafa gefið út, þ.m.t. ráðstafanir sem þegar hafa verið heimilaðar af hálfu hlutaðeigandi aðildarríkis á grundvelli tilkynnta fráviks frá 14. viðauka Chicago-samningsins áður en reglugerð þessi öðlast gildi,
- h) skilyrði fyrir ákvörðun um að heimila ekki undanþágur, sem um getur í 3. mgr. b 4. gr., þ.m.t. viðmiðanir fyrir farmflugvelli, tilkynning um undanþegna flugvelli og endurskoðun á veittum undanþágum,
- i) við hvaða skilyrði rekstur skal bannaður, takmarkaður eða háður tilteknum skilyrðum í öryggisskygni,
- j) skilyrði og verklag að því er varðar yfirlýsingu frá þjónustuveitendum og eftirlit með þeim sem um getur í e-lið 2. mgr.
6. Ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. skulu:
- a) endurspegla fullkomnustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði flugvalla og taka tillit til krafna og tilmæla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar,
- b) vera í réttu hlutfalli við stærð, umferð, flokk og flækjustig flugvallar og eðli og umfang rekstursins,
- c) taka tillit til reynslunnar af rekstri flugvalla um heim allan og til framfara í vísindum og tækni,
- d) gefa svigrúm til að bregðast tafarlaust við til að komast að orsökum slysa og alvarlegra flugatvika,
- e) veita möguleika á nauðsynlegum sveigjanleika til að uppfylla kröfur með sérsniðnum hætti.

8. gr. b

#### Rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta

1. Ákvæði rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu skulu samrýmast grunnkröfum, sem settar eru fram í V. viðauka b, og, eftir því sem unnt er, V. viðauka a.
2. Aðilar sem veita rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu skulu vera handhafar vottorðs. Vottorðið

skal gefið út þegar veitandinn hefur sýnt fram á getu og tilföng til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum hans. Réttindin, sem veitt eru og umfang veittrar þjónustu, skulu tilgreind í vottorðinu.

3. Þrátt fyrir 2. mgr., geta aðildarríki ákveðið að þeir sem sjá um að veita flugupplýsingaþjónustu megi lýsa því yfir að þeir búi yfir getu og tilföngum til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast þjónustu sem þeir veita.

4. Í ráðstöfunum, sem um getur í 6. mgr., er heimilt að mæla fyrir um kröfu fyrir vottun fyrirtækja sem koma að hönnun, framleiðslu og viðhaldi kerfa og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu þar sem öryggi skiptir sköpum. Vottorð fyrir þessi fyrirtæki skulu gefin út þegar sýnt hefur verið fram á að þeir búi yfir getu og tilföngum til að leysa af hendi þau skyldustörf sem tengjast réttindum þeirra. Réttindin, sem veitt eru, skulu tilgreind í vottorðinu.

5. Í ráðstöfunum, sem um getur í 6. mgr., er heimilt að mæla fyrir um kröfu fyrir vottun, eða, að öðrum kosti, fullgildingu þeirra sem veita rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, að því er varðar kerfi og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu þar sem öryggi skiptir sköpum. Vottorð fyrir þessi kerfi og kerfishluta skulu gefin út, eða þau hljóta fullgildingu, þegar umsækjandi hefur sýnt fram á að kerfin og kerfishlutar samrýmist ítarlegum forskriftum sem ákveðnar hafa verið til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar sem um getur í 1. mgr.

6. Nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar þessari grein skulu samþykktar í samræmi við reglunefndar meðferðina sem um getur í 3. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 549/2004.

Í þessum ráðstöfunum skal tilgreina sérstaklega:

- a) skilyrði fyrir ákvæðum rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu í samræmi við grunnkröfurnar sem settar eru fram í V. viðauka b, og, ef við á, í V. viðauka a,
- b) skilyrði fyrir því að ákvarða og tilkynna umsækjanda um þær ítarlegu forskriftir sem gilda um kerfi og kerfishluta fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu,
- c) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhalda, breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla vottorðin sem um getur í 2. og 4. mgr.,
- d) skyldur handhafa vottorða,

- e) skilyrði og verklag, að því er varðar yfirlýsingu þjónustuveitenda, og eftirlit með þeim sem um getur í 3. mgr.,
- f) við hvaða skilyrði rekstur skal bannaður, takmarkaður eða háður tilteknum skilyrðum í öryggisskyni.
7. Ráðstafanirnar, sem um getur í 6. lið, skulu:
- a) endurspegla fullkornustu tækni sem völ er á og bestu starfsvenjur á sviði rekstrarstjórnunar flugumferðar/-flugleiðsöguþjónustu,
- b) vera í réttu hlutfalli við þá tegund og flækjustig þjónustu sem veitt er,
- c) taka tillit til reynslu af rekstrarstjórnun flugumferðar/-flugleiðsöguþjónustu um heim allan og til framfara í vísindum og tækni,
- d) vera þróaðar, að svo miklu leyti sem unnt er, á grunni viðeigandi ákvæða reglugerðar (EB) nr. 549/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 550/2004 frá 10. mars 2004 um að veita þjónustu á sviði flugleiðsögu í samevrópska loftrýminu (þjónustureglugerðin), reglugerðar (EB) nr. 551/2004 og reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 552/2004 frá 10. mars 2004 um rekstrarsamhæfi evrópska netsins fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar (rekstrarsamhæfisreglugerðin) og kveða á um umbreytingarráðstafanir til að tryggja að vottorð, sem þegar hafa verið gefin út, samkvæmt þessum reglugerðum, haldist í gildi; í upphafi skulu þær innihalda öryggisákvæði þessara reglugerða, og, eftir því sem við á, að því er varðar síðari breytingar, taka tillit til nýjustu framfara á sviði vísinda og tækni,
- e) gefa svigrúm til að bregðast tafarlaust við til að komast að orsökum slysa og alvarlegra flugatvika.

8. gr. c

### Flugumferðarstjórar

1. Flugumferðarstjórar ásamt einstaklingum og fyrirtækjum, sem taka þátt í þjálfun, prófun, skoðun eða læknisfræðilegu mati á flugumferðarstjórum, skulu uppfylla viðeigandi grunnkröfur sem settar eru fram í V. viðauka b.
2. Gerð skal krafa um að flugumferðarstjórar séu handhafar skírteinis og hafi viðeigandi heilbrigðisvottorð að því er varðar þá þjónustu sem veitt er.
3. Skírteinið, sem um getur í 2. mgr., skal einungis gefið út ef umsækjandi skírteinisins sýnir fram á að hann eða

hún uppfylli reglurnar sem settar voru til að tryggja að grunnkröfurnar um bóklega þekkingu, verklega færni, tungumálakunnáttu og reynslu, eins og þær eru settar fram í V. viðauka b, séu uppfylltar.

4. Heilbrigðisvottorðið, sem um getur í 2. mgr., skal einungis gefið út ef flugumferðarstjóri uppfyllir reglurnar, sem settar voru til að tryggja að grunnkröfurnar um heilbrigði, eins og þær eru settar fram í V. viðauka b, séu uppfylltar. Fluglæknum eða fluglæknastrum er heimilt að gefa út þessi heilbrigðisvottorð.

5. Réttindin, sem flugumferðarstjóranum eru veitt, og gildissvið skírteinisins og heilbrigðisvottorðsins skulu tilgreind á slíku skírteini og vottorði.

6. Geta þjálfunarstöðva flugumferðarstjóra, fluglækna og fluglæknastru til að rækja þær skyldur sem tengjast réttindum þeirra til að gefa út skírteini og heilbrigðisvottorð skal viðurkennd með útgáfu vottorðs.

7. Gefa skal út vottorð til handa þjálfunarstöðvum, fluglæknum og fluglæknastrum að því er varðar flugumferðarstjóra sem hafa sýnt fram á að þeir fari að reglunum, sem settar eru til að tryggja að viðeigandi grunnkröfur í V. viðauka b séu uppfylltar. Réttindin sem vottorðið veitir skulu tilgreind í því.

8. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á verklegri þjálfun eða mati á hæfni flugumferðarstjóra skulu vera handhafar vottorðs. Vottorðið skal gefið út þegar hlutaðeigandi einstaklingur hefur sýnt fram á að hann fari að reglunum sem settar eru til að tryggja að viðkomandi grunnkröfur, eins og þær eru settar fram í V. viðauka b, séu uppfylltar. Réttindin sem vottorðið veitir skulu tilgreind í því.

9. Flugþjálfarar skulu samrýmast viðeigandi grunnkröfum sem settar eru fram í V. viðauka b.

10. Ráðstafirnar, sem er ætlað að breyta veigalitlum þáttum þessarar greinar, með því að bæta við hana, skulu samþykktar í samræmi við reglunefndarmedferðina með grannskoðun sem um getur í 4. mgr. 65. gr.

Í þessum ráðstöfunum skal einkum tilgreina:

- a) mismunandi áritanir og viðbótaráritanir sem skráðar eru í skírteini flugumferðarstjóra,



- b) skilyrði fyrir því að gefa út, viðhaldi, breyta, takmarka, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla skírteini, áritanir og viðbótaráritanir sem skráðar eru í skírteini, heilbrigðisvottorð, samþykktir og vottorð og í hvaða tilvikum þurfi ekki að krefjast vottorða eða samþykkja, á sama tíma og þau kveða á um umbreytingartilhögun til að tryggja að samþykki og vottorð, sem þegar hafa verið veitt, haldist í gildi,
- c) réttindi og skyldustörf handhafa skírteina, áritana og viðbótaráritana sem skráðar eru í skírteini, heilbrigðisvottorð, samþykki og vottorð,
- d) skilyrði fyrir því að samþykkja og breyta skírteinum flugumferðarstjóra auk skilyrða fyrir því að samþykkja og breyta heilbrigðisvottorðum í aðildarríkj-unum í almenn, viðurkennd heilbrigðisvottorð.

11. Ráðstafanirnar, sem um getur í 10. mgr., skulu endurspegla fullkonnustu tækni sem völ er á, þ.m.t. bestu starfsvenjur og framfarir í vísindum og tækni á sviði þjálfunar flugumferðarstjóra. Þær skulu í upphafi þróaðar á grundvelli ákvæða tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/23/EB frá 5. apríl 2006 um Bandalagsskírteini fyrir flugumferðarstjóra .

- (\*) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 10.  
 (\*\*) Stjtið. ESB L 96, 31.3.2004, bls. 26.  
 (\*\*\*) Stjtið. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 22.“

8. Ákvæðum 9. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Loftför, sem um getur í d-lið 1. mgr. 4. gr. sem og áhöfn þeirra og starfræksla, skulu samrýmast gildandi stöðlum Alþjóðafflugmálastofnunarinnar. Ef engir slíkir staðlar eru til skulu þessi loftför og starfræksla þeirra samrýmast kröfunum, sem settar eru fram í I., III. og IV. viðauka, og, ef við á, V. viðauka b, svo fremi að þessar kröfur stangist ekki á við réttindi þriðju landa samkvæmt alþjóðasamningum.“

b) eftirfarandi bætist við í 5. mgr.:

„e) að tekið sé tillit til öryggisþátta sem tengjast rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu.“

9. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 10. gr.:

„1. Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Flugöryggisstofnunin skulu starfa saman að því að tryggja samræmi við þessa reglugerð og framkvæmdarreglur hennar.“

10. Ákvæðum 11. gr. er breytt sem hér segir:

a) í stað 4. og 5. mgr. komi eftirfarandi:

„4. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna, uns ráðstafanirnar, sem um getur í 5. gr. (5. mgr.), 7. gr. (6. mgr.) og 9. gr. (4. mgr.), taka gildi og hvers konar umbreytingartímabilum, sem kveðið er á um í þessum ráðstöfunum, lýkur, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.

5. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna, uns ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 8. taka gildi og hvers konar aðlögunartímabil, sem kveðið er á um í þessum ráðstöfunum, lýkur, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.“

b) eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5a. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna, uns ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. a. og 10. mgr. 8. gr. c, taka gildi og hver konar umbreytingartímabilum, sem kveðið er á um í ráðstöfunum, lýkur, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.

5b. Heimilt er að gefa út vottorð, sem ekki er unnt að gefa út í samræmi við þessa reglugerð, á grundvelli gildandi, landsbundinna reglna, eða, eftir atvikum, á grundvelli viðeigandi krafna reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2096/2005 frá 20. desember 2005 um sameiginlegar kröfur vegna veitingar þjónustu á sviði flugleiðsögu, uns ráðstafanirnar, sem um getur í 6. mgr. 8. gr. b og hver konar aðlögunartímabilum, sem kveðið er á um í þessum ráðstöfunum, lýkur, sbr. þó 4. mgr. 69. gr.(\*)

- (\*) Stjtið. ESB L 335, 21.12.2005, bls. 13.“

11. Í 13. gr. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Hæfir aðilar skulu ekki gefa út vottorð.“

12. Eftirfarandi komi í stað c- og d-liðar 18. gr.:

„c) gefa út vottunarforskriftir og viðurkenndar aðferðir við að uppfylla kröfur, sem og leiðbeiningar um beitingu þessarar reglugerðar og reglur um framkvæmd hennar,

d) taka viðeigandi ákvarðanir um beitingu 20. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., 22. gr. b., 23. gr., 54. gr. og 55. gr., þ.m.t. að veita þeim, sem hún hefur gefið út vottorð fyrir, undanþágur frá efnislegum kröfum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð og framkvæmdarreglum hennar, vegna ófyrirséðra, brýnna aðstæðna eða þarfa við starfrækslu, sem vara í takmarkaðan tíma, að því tilskildu að það hafi ekki þau áhrif að dregið sé úr öryggisstigi, að undanþágurnar séu ekki veittar lengur en í tvo mánuði í senn, að framkvæmdastjórninni sé tilkynnt um þær og að þær séu ekki endurnýjaðar.“

sjálf eða með aðstoð flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

b) gefa út og endurnýja vottorð fyrirtækja, sem sjá um þjálfun flugumferðarstjóra og eru staðsett utan yfirráðasvæðis aðildarríkjanna, og, eftir því sem við á, starfsfólks þeirra,

c) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef lögaðili eða einstaklingur, sem er handhafi vottorðsins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

13. Í stað a-liðar 2. mgr. 19. gr. komi eftirfarandi:

„a) semja vottunarforskriftir og viðurkenndar aðferðir við að uppfylla kröfur og“.

15. Í c-lið 2. mgr. 33. gr. komi dagsetningin „30. nóvember“ í stað „30. september“.

14. Eftirfarandi greinar bætist við:

„22. gr. a

16. Eftirfarandi komi í stað 1. mgr. 44. gr.:

#### Rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónusta

Með tilliti til rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, sem um getur í 3. mgr. c í 4. gr., skal Flugöryggisstofnunin:

„1. Heimilt er að kæra þær ákvarðanir Flugöryggisstofnunar sem teknar eru skv. 20. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., 22. gr. b., 23. gr., 55. gr. eða 64. gr.“

a) annast skoðanir og úttektir á fyrirtækjum, sem hún vottar, annaðhvort sjálf eða með aðstoð flugmálayfirvalda aðildarríkjanna eða hæfra aðila,

17. Eftirfarandi komi í stað 2. mgr. 50. gr.:

b) gefa út og endurnýja vottorð fyrir fyrirtæki sem eru staðsett utan yfirráðasvæðisins sem fellur undir ákvæði sáttmálans og bera ábyrgð á því að veita þjónustu í loftrými yfirráðasvæðisins sem sáttmálinn gildir um,

„2. Einungis er heimilt að höfða mál fyrir Dómstóli Evrópubandalaganna til að ógilda ákvarðanir Flugöryggisstofnunarinnar, sem eru teknar skv. 20. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., 22. gr. b., 23. gr., 55. gr. eða 64. gr., eftir að allar málsmeðferðir til áfrýjunar innan Flugöryggisstofnunarinnar hafa verið fullreyndar.“

c) gefa út og endurnýja vottorð fyrir fyrirtæki sem veita samevrópska þjónustu,

18. Ákvæðum 52. gr. er breytt sem hér segir:

d) breyta, fella tímabundið úr gildi eða afturkalla viðkomandi vottorð þegar skilyrðum fyrir útgáfu þess er ekki lengur fullnægt eða ef handhafi vottorðsins, rækir ekki skyldur sínar samkvæmt þessari reglugerð eða reglum um framkvæmd hennar.

a) í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

22. gr. b

„Stjórn Flugöryggisstofnunarinnar skal, eins fljótt og auðið er eftir gildistöku þessarar reglugerðar, koma á gagnsærri málsmeðferð við útgáfu álitserða, vottunarforskrifta, viðurkenndra aðferða til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar sem um getur í a- og c-lið 18. gr.“,

#### Vottun flugumferðarstjóra

Að því er varðar starfsfólkið og fyrirtækin, sem um getur í 1. mgr. 8. gr. c, skal Flugöryggisstofnunin:

b) í stað 2. mgr. komi eftirfarandi:

a) annast rannsóknir á fyrirtækjum og úttekt á þeim og, eftir því sem við á, starfsfólki þess, annaðhvort

„2. Þegar Flugöryggisstofnunin semur álitserðir, vottunarforskriftir, viðurkenndar aðferðir til að uppfylla kröfur og leiðbeiningar skv. 19. gr., sem aðildarríkin skulu fara eftir, skal hún koma á málsmeðferð um samráð við aðildarríkin. Henni er heimilt í þessu skyni að stofna starfshóp og skal hvert aðildarríki hafa rétt til að tilnefna sérfræðing í hann.“

19. Í stað fyrsta málsliðar 1. mgr. 55. gr. komi eftirfarandi:

„Flugöryggisstofnunin getur sjálf framkvæmt allar nauðsynlegar rannsóknir á aðilum eða falið þær flugmálayfirvöldum aðildarríkjanna eða hæfum aðilum í samræmi við 7. gr., 20. gr., 21. gr., 22. gr., 22. gr. a., 22. gr. b., 23. gr. og 2. mgr. 24. gr.“

20. Eftirfarandi grein bætist við:

„65. gr. a

#### **Breytingar**

Í samræmi við ákvæði sáttmálans skal framkvæmdastjórnin leggja fram tillögu um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 549/2004, (EB) nr. 550/2004, (EB) nr. 551/2004 og (EB) nr. 552/2004 til að taka tillit til krafna þessarar reglugerðar.“

21. Í stað fyrirsagnarinnar í V. viðauka komi eftirfarandi:

„Viðmiðanir fyrir hæfa aðila sem um getur í 13. gr. („hæfur aðili“ eða „aðili“).“

22. Viðaukarnir Va og Vb, eins og þeir eru settir fram í viðauka við þessa reglugerð, bætast við.

2. gr.

Tilskipun 2006/23/EB er hér með felld úr gildi.

Ákvæði tilskipunar 2006/23/EB skulu gilda áfram sem umbreytingarfyrirkomulag fram að gildistöku degi ráðstafananna, sem um getur í 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008, eins og henni var breytt með þessari reglugerð.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar, sem um getur í 5. mgr. 8. gr. a í reglugerð (EB) nr. 216/2008 eins og henni var breytt með þessari reglugerð, fyrir 31. desember 2013. Ákvæði 8. gr. a gildir frá og með þeim dögum sem tilgreindir eru í þessum ráðstöfunum.

Framkvæmdastjórnin skal samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í 6. mgr. 8. gr. b og 10. mgr. 8. gr. c í reglugerð (EB) nr. 216/2008 eins og henni var breytt með þessari reglugerð, fyrir 31. desember 2012. Ákvæði 8. gr. b og c gilda frá og með þeim dögum sem tilgreindir eru í ráðstöfunum.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg, 21. október 2009.

*Fyrir hönd Evrópuþingsins,*

J. BUZEK

*forseti.*

*Fyrir hönd ráðsins,*

C. MALMSTRÖM

*forseti.*

## V. VIÐAUKI a

## GRUNNKRÖFUR FYRIR FLUGVELLI

## A — Eiginleikar, grunnvirki og búnaðar

## 1. Athafnasvæði

- a) Flugvellir skulu hafa tilgreint svæði fyrir landingar og flugtök loftfara sem fullnægir eftirfarandi skilyrðum:
- i. landingar- og flugtakssvæði skal vera nægilega stórt og hafa einkenni sem henta loftfarinu sem ætlað er að nota aðstöðuna,
  - ii. landingar- og flugtakssvæði skal, eftir atvikum, hafa nægilegt burðarþol til að þola endurtekna starfrækslu fyrirhugaðs loftfars; þau svæði sem ekki eru ætluð fyrir endurtekna starfrækslu þurfa einungis að hafa nægilegt burðarþol til að bera loftfarið,
  - iii. landingar- og flugtakssvæði skal vera þannig hannað að það hreinsi sig af vatni og hindri að vatnssöfnun hafi í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
  - iv. halli og hallabreytingar landingar- og flugtakssvæðis skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
  - v. yfirborðseinkenni landingar- og flugtakssvæðis skulu vera fullnægjandi til notkunar fyrir fyrirhugað og
  - vi. á landingar- og flugtakssvæðinu skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
- b) þegar um er að ræða nokkur landingar- og flugtakssvæði skulu þau vera þannig að þau hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
- c) tiltekna landingar- og flugtakssvæðið skal umlukið skilgreindum svæðum; þessi svæði eru ætluð til að vernda loftfar, sem flýgur yfir þau í flugtaki eða landingu, eða til að draga úr afleiðingunum þegar loftfar skammlendir, rennur út af hlið flugtaks- eða landingarsvæðis eða rennur út fyrir flugtaks- eða landingarsvæði, og skulu þau uppfylla eftirfarandi skilyrði:
- i. þessi svæði skulu vera af viðeigandi stærð fyrir starfrækslu fyrirhugaðs loftfars,
  - ii. halli og hallabreytingar svæðanna skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
  - iii. á þessum svæðum skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars; þetta skal þó ekki útiloka að staðsetja megi auðbrjótanlegan búnað á þessum svæðum, ef hann er nauðsynlegur til aðstoðar við starfrækslu loftfars og
  - iv. hvert þessara svæða skal hafa fullnægjandi burðarþol til að þjóna tilgangi sínum,
- d) þessi svæði flugvallar, ásamt nánasta, tengda umhverfi, sem ætluð eru fyrir akstur loftfara eða sem stæði fyrir þau, skulu hönnuð fyrir örugga starfrækslu loftfara, sem tiltekin aðstaða verður notuð fyrir, við öll fyrirhuguð skilyrði, og skulu þau fullnægja eftirfarandi skilyrðum:
- i. svæðin skulu hafa nægilegt burðarþol til að þola endurtekna starfrækslu fyrirhugaðs loftfars, að undanskildum þeim svæðum sem gert er ráð fyrir að verði einungis notuð stöku sinnum sem þurfa einungis að hafa nægilegt burðarþol til að bera loftfarið,
  - ii. svæðin skulu hönnuð þannig að þau hreinsi sig af vatni og hindri að vatnssöfnun hafi í för með sér óviðunandi áhættu við starfrækslu loftfars,

- iii. halli og hallabreytingar svæðanna skulu ekki hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
  - iv. yfirborðseinkenni svæðanna skulu vera fullnægjandi til notkunar fyrir fyrirhugað loftfar og
  - v. á svæðunum skulu ekki vera hlutir sem gætu haft í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftfar; þetta skal þó ekki útiloka búnað sem er nauðsynlegur fyrir viðkomandi svæði og komið er fyrir á sérstaklega auðkenndum stöðum eða á afmörkuðum svæðum,
- e) annað grunnvirki, sem ætlað er til notkunar fyrir loftfar, skal vera þannig hannað að notkun þess hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir loftfarið sem notar það,
  - f) mannvirki, byggingar, búnaður eða geymslusvæði skulu vera staðsett og hönnuð þannig að þau hafi ekki í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars,
  - g) viðeigandi úrræði skulu látin í té til að koma í veg fyrir að fólk, ökutæki eða dýr, sem eru nógu stór til að hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir starfrækslu loftfars, komist í leyfisleysi inn á athafnasvæðið, sbr. þó ákvæði alþjóðlegra dýraverndunarlaganna í aðildarríkjunum.

## 2. Hindranabil

- a) til að vernda loftfar á leið til landingar á flugvelli eða í brottför frá flugvelli, skal ákvarða komu- og brottflugsleiðir eða -svæði; slíkar leiðir eða svæði skulu tryggja að loftfar sé í nægilegri fjarlægð frá hindrunum á svæðinu umhverfis flugvöllinn, að teknu tilhlýðilegu tilliti til staðbundinna einkenna,
- b) slíkt hindranabil skal vera viðeigandi fyrir stig flugsins og þá tegund starfrækslu sem fram fer; að sama skapi skal taka tillit til búnaðar, sem notaður er, til að ákvarða staðsetningu loftfars.

## 3. Sjónræn leiðsögutæki, leiðsögutæki önnur en sjónræn og flugvallarbúnaður

- a) leiðsögutæki skulu henta til fyrirhugaðrar notkunar, vera greinanleg og láta notendum í té ótvíræðar upplýsingar við öll fyrirhuguð starfræksluskilyrði,
- b) flugvallarbúnaður skal virka eins og fyrirhugað er við öll fyrirhuguð starfræksluskilyrði; flugvallarbúnaðurinn skal ekki, eða í tilvikum bilunar flugvallarbúnaðar, hafa í för með sér óviðunandi áhættu fyrir flugöryggi,
- c) leiðsögutækin og raforkuafgjafi þeirra skulu hönnuð þannig að bili þau hafi það ekki í för með sér að notendur fái óviðeigandi, villandi eða ófullnægjandi upplýsingar eða að truflun verði á nauðsynlegri þjónustu,
- d) til að koma í veg fyrir skemmdir eða truflanir á slíkum leiðsögutækjum skal vernda þau með viðeigandi hætti,
- e) uppruni geislunar eða tilvist færnanlegra eða fastra hluta skal ekki hafa truflandi eða skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarkerfa í flugi,
- f) viðeigandi starfsfólk skal hafa aðgang að upplýsingum um starfrækslu og notkun flugvallarbúnaðar, þ.m.t. skýrar vísbendingar um aðstæður sem geta valdið óviðunandi áhættu fyrir flugöryggi.

## 4. Flugvallargögn

- a) útbúa skal viðeigandi gögn um flugvelli og þá þjónustu sem boðið er upp á og skulu þau uppfærð reglulega,
- b) gögnin skulu vera nákvæm, læsileg, ítarleg og ótvíræð; tryggja skal viðeigandi heilleikastig gagnanna,
- c) gögnin skulu vera aðgengileg notendum og viðkomandi veitendum flugleiðsöguþjónustu tímanlega og skal notast við nægilega öruggar og hraðvirkar samskiptaaðferðir.

## B – Rekstur og stjórnun

### 1. Rekstraraðili flugvallar ber ábyrgð á rekstri flugvallar. Skyldustörf rekstraraðila flugvallar eru sem hér segir:

- a) rekstraraðili flugvallar skal, beint eða óbeint, fyrir tilstuðlan samninga, hafa öll nauðsynleg tilföng til að tryggja örugga starfrækslu loftfara á flugvelli; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, aðstaða, starfsfólk, búnaður og efniviður, skráning verkefna, skyldustörf og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráhald,

- b) rekstraraðili flugvallar skal sannreyna að alltaf sé farið að kröfunum í kafla A eða grípa til viðeigandi ráðstafana til að draga úr áhættunni í tengslum við það þegar ekki er farið að þeim; útbúa skal verklagsreglur og taka þær í notkun til að gera öllum notendum slíkar ráðstafanir ljósar tímanlega,
- c) rekstraraðili flugvallar skal útbúa og innleiða viðeigandi áhættustjórnunarkerfi fyrir villtar lífverur á flugvöllum,
- d) rekstraraðili flugvallar skal tryggja að hreyfingar ökutækja og fólks á athafnasvæðinu og öðrum starfrækslusvæðum séu samræmdar hreyfingum loftfara til að koma í veg fyrir árekstra og skemmdir á loftförum,
- e) rekstraraðili flugvallar skal tryggja, ef við á, að fyrir hendi séu verklagsreglur til að draga úr áhættu tengdri flugvallarrekstri að vetri til, við óhagstæð veðurskilyrði, í skertu skyggni eða að næurlagi og að þær séu innleiddar,
- f) rekstraraðili flugvallar skal koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum til að tryggja að grunnkröfur varðandi flugvelli séu ávallt uppfylltar; til þessara fyrirtækja teljast, en takmarkast þó ekki við þau, rekstraraðilar loftfara, veitendur flugleiðsöguþjónustu, veitendur flugafgreiðslu og önnur fyrirtæki sem hafa áhrif á öryggi loftfara með starfssemi sinni eða framleiðsluvörum,
- g) rekstraraðili flugvallar, annaðhvort sjálfur eða fyrir tilstuðlan samninga við þriðju aðila, skal tryggja að fyrir hendi séu verklagsreglur til að sjá loftförum fyrir eldsneyti sem er ómengað og af rétttri tegund,
- h) viðhaldshandbækur fyrir flugvallarbúnað skulu vera aðgengilegar og eftir þeim farið og þær skulu taka til leiðbeininga um viðhald og viðgerðir, þjónustuleiðbeininga og reglna um verklag við bilanaleit og skoðun,
- i) rekstraraðili flugvallar skal koma á fót og innleiða neyðaráætlun flugvallar, sem tekur til neyðarástæðna sem geta átt sér stað á flugvöllum eða í nágrenni hans; þessi áætlun skal samrýmast, eins og við á, neyðaráætlun viðkomandi sveitarfélags,
- j) rekstraraðili flugvallar skal tryggja að veitt sé viðunandi þjónusta í tengslum við björgunar- og slökkvistarf á flugvöllum; slíkt þjónusta felur í sér að bregðast við flugatvikum eða slysum, með tilliti til þess hversu brýn þau eru, og skal hún a.m.k. fela í sér búnað, slökkviefni og nægilegan fjölda starfsfólks,
- k) rekstraraðili flugvallar skal einungis nota hjálfað og hæft starfsfólk við rekstur og viðhald flugvallar og skal hann innleiða og viðhalda hjálfunar- og matsáætlunum til að tryggja áframhaldandi hæfni viðkomandi starfsfólks,
- l) rekstraraðili flugvallar skal tryggja að hver sá sem fær aðgang að athafnasvæðinu eða öðrum rekstrarsvæðum án fylgdar hafi til þess nægilega hjálfun og hæfni,
- m) starfsfólk björgunar- og slökkviliðs skal hafa tilskilin réttindi og hjálfun til að starfa á flugvallarsvæðinu; rekstraraðili flugvallar skal innleiða og viðhalda hjálfunar- og matsáætlunum til að tryggja áframhaldandi hæfni þessa starfsfólks og
- n) allt starfsfólk björgunar- og slökkviliðs, sem mögulega þarf að bregðast við neyðarástandi í tengslum við flug, skal reglulega sýna fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti hlutverki sínu, að teknu tilliti til tegundar verkefnisins; í þessu samhengi merkir heilbrigði, sem felur bæði í sér líkamlegt og andlegt heilbrigði, að ekki sé um neinn sjúkdóm eða fötlun að ræða, sem gæti gert viðkomandi starfsmann óhæfan:
  - i. til að inna af hendi þau verkefni sem nauðsynleg eru þegar neyðarástand skapast í flugi,
  - ii. til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða
  - iii. til að meta umhverfi sitt með réttum hætti.

## 2. Stjórnunarkerfi

- a) rekstraraðili flugvallar skal innleiða og viðhalda stjórnunarkerfi til að tryggja að grunnkröfur um flugvelli séu uppfylltar og til að miða að því að gera stöðugar og forvirkar öryggisendurbætur; stjórnunarkerfið skal fela í sér skipulagsseiningar, ábyrgðarsvið, skyldustörf, stefnumál og verklagsreglur,

- b) stjórnunarkerfið skal fela í forvarnaráætlun um slys og flugatvik, þ.m.t. tilkynningar atvika og kerfi til að greina þau; greiningin skal, eftir því sem við á, taka til þeirra aðila sem taldir eru upp í f-lið 1. liðar hér að framan,
- c) rekstraraðili flugvallar skal útbúa flugvallarhandbók og starfa í samræmi við hana; slíkar handbækur skulu hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur fyrir flugvöllinn, stjórnunarkerfið og fyrir starfsfólk flugrekstrarsviðs þannig að það geti framkvæmt skyldustörf sín.

#### C — Umhverfi flugvallar

1. Loftrýmið umhverfis athafnasvæði flugvalla skal vera öryggisvaktað gagnvart hindrunum til að fyrirhuguð starfræksla loftfara á flugvöllinum geti farið fram án þess að tilurð hindrana umhverfis flugvöllinn hafi í för með sér óviðunandi áhættu. Því skal skilgreina hindranafleti og innleiða stöðuga vöktun þeirra til að auðkenna hvers konar hindranir sem skaga upp í svæðin.
  - a) Meta þarf hindranir sem ná inn fyrir þessa hindranafleti til að ganga úr skugga um hvort viðkomandi hlutur skapi óviðunandi áhættu. Fjarlægja skal hvern hlut sem skapar óviðunandi áhættu eða grípa til viðeigandi aðgerða sem draga úr áhættu, til þess að vernda loftfarið sem notar flugvöllinn.
  - b) Allar hindranir, sem eru fyrir hendi, skulu tilkynntar, merktar eftir þörfum og, ef þörf krefur, gerðar sýnilegar með ljósum.
2. Vakta skal hættur sem skapast vegna starfsemi manna og landnotkunar, s.s., en þó ekki eingöngu, það sem talið er upp hér á eftir. Áhættan sem skapast af þessu skal metin og dregið úr henni eins og við á:
  - a) hvers konar þróun eða breyting á landnotkun á flugvallarsvæðinu,
  - b) möguleikann á því að hindranir valdi ókyrrð í lofti,
  - c) notkun hættulegra, ruglandi og villandi ljósa,
  - d) blindu frá stórum flötum sem valda miklu endurvarpi,
  - e) gerð svæða sem geta leitt til aukinnar virkni villtra lífvera í nágrenni við athafnasvæði flugvallar,
  - f) uppruna geislunar, sem ekki er sjáanleg, eða tilvist færanlegra eða fastra hluta sem geta haft truflandi eða skaðleg áhrif á nothæfi fjarskipta-, leiðsögu- eða kögunarkerfa í flugi.
3. Útbúa skal neyðaráætlun í viðkomandi sveitarfélagi sem nota skal ef neyðarástand skapast í tengslum við flug í næsta nágrenni við flugvöllinn.

#### D — Annað

Flugvöllur eða hlutar hans skulu ekki notaðir af loftförum ef hönnun flugvallarins og verklagsreglur um rekstur eru að jafnaði ekki ætluð fyrir þetta tiltekna loftfar nema þegar um er að ræða neyðarástand loftfars, þegar vikið er af leið og flogið til varafflugvallar eða við aðrar aðstæður sem eru tilgreindar í hverju tilviki fyrir sig.

#### V. VIÐAUKI b

### GRUNNKÖRFUR UM REKSTRARSTJÓRNUN FLUGUMFERÐAR/FLUGLEIÐSÖGUÞJÓNUSTU OG FLUGUMFERÐARSTJÓRA

#### 1. Notkun loftrýmis

- a) öll loftför, að undanskildum þeim sem annast starfsemi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., skulu, á öllum stigum flugs eða á athafnasvæði flugvallar, starfrækt í samræmi við sameiginlegar, almennar starfrækslureglur og hvers konar viðeigandi verklagsreglur sem tilgreindar eru fyrir notkun viðkomandi loftrýmis,
- b) öll loftför, að undanskildum þeim sem annast starfsemi, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., skulu búin kerfishlutum sem gerð er krafa um í tengslum við viðkomandi starfrækslu; kerfishlutar sem notaðir eru í kerfi fyrir rekstrarstjórnun flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu skulu einnig uppfylla kröfurnar í 3. lið.

## 2. Þjónusta

- a) Flugmálaupplýsingar og gögn fyrir loftrýmisnotendur vegna flugleiðsögu
- Gögn, sem eru notuð sem heimild fyrir flugmálaupplýsingar, skulu vera af nægilegum gæðum, ítarleg, uppfærð og látin í té tímanlega.
  - Flugmálaupplýsingar skulu vera nákvæmar, ítarlegar, uppfærðar, ótvíræðar, af nægilegum heilleika og á nothæfu sniði fyrir notendur.
  - Miðlun slíkra flugmálaupplýsinga til loftrýmisnotenda skal eiga sér stað tímanlega og notast skal við nægilega áreiðanlegan og hraðvirkan samskiptamiðil sem varinn er fyrir truflun og gagnabrenglun.
- b) Veðurupplýsingar
- Gögn, sem eru notuð sem grunnur fyrir veðurupplýsingar fyrir flug, skulu vera af nægilegum gæðum, ítarleg og uppfærð.
  - Að því marki sem unnt er skulu veðurupplýsingar fyrir flug vera nákvæmar, ítarlegar, uppfærðar, af nægilegum heilleika og ótvíræðar til að uppfylla þarfir loftrýmisnotenda.
  - Miðlun slíkra veðurupplýsinga í tengslum við flug til loftrýmisnotenda skal eiga sér stað tímanlega og notast skal við nægilega áreiðanlegan og hraðvirkan samskiptamiðil sem varinn er fyrir truflun og gagnabrenglun.
- c) Flugumferðarþjónusta
- Gögnin, sem eru notuð sem grunnur fyrir veitingu flugumferðarþjónustu, skulu vera rétt, ítarleg og uppfærð.
  - Flugumferðarþjónusta skal vera nógu nákvæm, ítarleg, uppfærð og ótvíræð til að uppfylla öryggisþarfir notenda.
  - Sjálfvirk tæki, sem veita upplýsingar eða ráðgjöf til notenda, skulu hönnuð, framleidd og þeim viðhaldið á tilhlýðilegan hátt til að tryggja að þau henti til fyrirhugaðra nota.
  - Flugstjórnarþjónusta og tengdir ferlar skulu tryggja að viðunandi aðskilnaður sé á milli loftfara og veita aðstoð við, eftir því sem við á, að verja þau fyrir hindrunum og öðrum hættum í lofti og auk þess skulu þau tryggja skjóta og tímanlega samræmingu á milli allra viðeigandi notenda og aðliggjandi hluta loftrýmisins.
  - Samskipti á milli flugumferðarþjónustu og loftfars og á milli viðeigandi flugumferðarþjónustudeilda skulu vera tímanleg, skýr, rétt og ótvíræð, varin fyrir truflunum og auðskilin og, ef við á, viðurkennd af öllum aðilum sem í hlut eiga.
  - Tilföng skulu vera til staðar til að greina mögulegt neyðarástand og, þar sem við á, til að hefja skilvirkar leitar- eða björgunaraðgerðir. Slík tilföng skulu, a.m.k., fela í sér viðeigandi viðvörunarkerfi, samræmingarráðstafanir og verklagsreglur, tilföng og starfsfólk til að ná yfir allt ábyrgðarsvæðið með skilvirkum hætti.
- d) Fjarskiptaþjónusta
- Fjarskiptaþjónusta skal skila og viðhalda fullnægjandi afköstum, með tilliti til aðgengi, heilleika, samfellu og tímanleika hennar. Hún skal vera skilvirk og varin fyrir gagnabrenglun.
- e) Leiðsöguþjónusta
- Leiðsöguþjónusta skal ná og viðhalda fullnægjandi afkastastigi, með tilliti til leiðsögu, upplýsinga um staðsetningu og, þegar það er látið í té, tímasetningar. Viðmiðin fyrir þessar upplýsingar eru hversu nákvæm, heilleg, aðgengileg og samfelld þjónustan er.
- f) Kögunarþjónusta
- Með kögunarþjónustu skal ákvarða viðkomandi staðsetningu loftfars í lofti og annarra loftfara og ökutækja á jörðu niðri á flugvallarsvæðinu, með nægilega góðum árangri að því er varðar nákvæmni, heilleika, samfellu og rekjanleika.



## g) Flæðisstjórnun flugumferðar

Við úrlausnarstjórnun á flæði flugumferðar innan Bandalagsins skal notast við og láta í té nægilega nákvæmar og uppfærðar upplýsingar um umfang og eðli fyrirhugaðrar flugumferðar sem hefur áhrif á þjónustuveitingu og samræma og semja um breytingu eða tóf á umferðarflæði til að draga úr áhættunni á því að of mikil umferð verði í lofti eða á flugvöllum.

## h) Stjórnun loftrýmis

Tilgreining sérstakra hluta loftrýmis til tiltekinna nota skal vöktuð, samræmd og henni komið á framfæri tímanlega til að draga úr áhættu á því að ekki sé nægilegur aðskilnaður á milli loftfara við allar aðstæður.

## i) Hönnun loftrýmis

Skipan loftrýmis og verkagsreglur við flug skulu hönnuð, umsjón höfð með þeim og þau fullgilt með tilhlýðilegum hætti áður en þau eru lögð fram og tekin í notkun af hálfu loftfara.

**3. Kerfi og kerfishlutar**

## a) Almenn

Kerfi og kerfishlutar rekstrarstjórnunar flugumferðar/flugleiðsöguþjónustu, sem miðla upplýsingum til loftfara og frá þeim og á jörðu niðri, skulu hönnuð, framleidd, sett upp, þeim viðhaldið og þau starfrækt með tilhlýðilegum hætti til að tryggja að þau henti til fyrirhugaðra nota.

## b) Heilleiki, afköst og áreiðanleiki kerfa og kerfishluta

Hvort heldur sem kerfum og kerfishlutum er komið fyrir í loftförum, á jörðu niðri eða í lofti, skulu þau henta til fyrirhugaðra nota, að því er varðar heilleika og öryggistengd afköst þeirra. Þau skulu uppfylla kröfur um nauðsynlegt afkastastig við öll fyrirsjáanleg starfræksluskilyrði og á heildarendingartíma þeirra.

## c) Hönnun kerfa og kerfishluta

i. Kerfi og kerfishlutar skulu hönnuð til þess að uppfylla viðeigandi öryggiskröfur.

ii. Kerfi og kerfishlutar, hvort sem þau eru skoðuð öll saman, hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi, skulu hönnuð með þeim hætti að öfugt samband ríki á milli líkinda þess að bilun hafi í för með sér heildarkerfisbilun og þess hversu alvarleg áhrif bilunarinnar eru fyrir öryggi þjónustunnar.

iii. Kerfi og kerfishlutar, hvert fyrir sig eða í innbyrðis samhengi skulu hönnuð með tilliti til takmarkana á mannlegri getu og frammistöðu.

iv. Kerfi og kerfishlutar skulu hönnuð með þeim hætti að þau séu varin fyrir skaðlegu samspili við ytri þætti sem ekki er fyrirhugað.

v. Upplýsingum, sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu, uppsetningar, viðhalds og starfrækslu kerfa og kerfishluta, auk upplýsinga um örygg skilyrði, skal miðlað til starfsfólki á skýran, samræmdan og ótvíræðan hátt.

## d) Áframhaldandi þjónustustig

Öryggisstigi kerfa og kerfishluta skal viðhaldið þegar þjónusta er veitt og meðan á hvers konar breytingum á henni stendur.

**4. Menntun og hæfi flugumferðarstjóra**

## a) Almenn

Einstaklingur sem fer í þjálfun sem flugumferðarstjóri eða flugumferðarstjóranemi skal vera nægilega þroskaður námslega, líkamlega og andlega til að afla sér, viðhalda og sýna fram á viðeigandi bóklega þekkingu og verklega færni.

- b) Bókleg þekking
- i. Flugumferðarstjóri skal afla sér þekkingar og viðhalda henni í samræmi við þau verkefni sem sinna þarf og í réttu hlutfalli við þá áhættu sem tengist tegund þjónustunnar.
  - ii. Öflun og viðhald bóklegrar þekkingar skal sýnd með símati meðan á þjálfun stendur eða með viðeigandi prófum.
  - iii. Viðhalda skal viðeigandi stigi bóklegrar þekkingar. Sýna skal fram á að eftir þessu sé farið með reglulegu mati eða prófum. Tíðni prófa skal vera í réttu hlutfalli við áhættustig í tengslum við þjónustuna sem er veitt.
- c) Verklegr færni
- i) Flugumferðarstjóri skal tileinka sér og viðhalda viðeigandi verklegri færni til að sinna verkefnum sínum. Slik færni skal vera í réttu hlutfalli við áhættu sem tengist tegund þjónustunnar og skal a.m.k., taka til, ef það á við verkefnið sem unnin eru, eftirfarandi atriða:
    - i. verklagsreglna,
    - ii. þátta sem tengjast tilteknum verkefnum,
    - iii. óeðlilegs ástands og neyðarástands og
    - iv. mannþáttafræði.
  - ii) Flugumferðarstjóri skal sýna fram á að hann geti framkvæmt tilheyrandi verklagsreglur og innt af hendi tilheyrandi verkefni með þeirri hæfni sem starfið krefst.
  - iii) Viðhalda skal fullnægjandi hæfni á sviði verklegrar færni. Framkvæma skal reglulega mat til að ganga úr skugga um að farið sé að þessu. Tíðni matsins skal vera í réttu hlutfalli við flækju- og áhættustig þjónustu sem veitt er og tegund verkefna sem unnin eru.
- d) Tungumálafærni
- i. Flugumferðarstjóri skal sýna fram á færni til að tala og skilja ensku að því marki að hann geti átt virk talsamskipti (sími/talstöð) og samskipti augliti til auglitis um markviss og vinnutengd málefni, þ.m.t. þegar um neyðarástand er að ræða.
  - ii. Flugumferðarstjóri skal einnig hafa færni til að tala og skilja eina eða fleiri þjóðtungur, að því marki sem lýst er hér að framan, ef það er nauðsynlegt í tengslum við veitingu flugumferðarþjónustu í skilgreindum hluta loftrýmis.
- e) Flugþjálfar (STD)
- Þegar flugþjálfar eru notaðir til verklegrar þjálfunar, að því er varðar skilning á aðstæðum og mannþáttafræði, eða til að sýna fram á að færni sé náð eða viðhaldið, skulu þeir geta hermt nægilega vel eftir vinnuumhverfi og starfræksluástandi sem er viðeigandi fyrir þá þjálfun sem veitt er.
- f) Þjálfunarnámskeið
- i. Þjálfun skal fara fram með þjálfunarnámskeiði, sem getur falið í sér bóklegar og verklegar leiðbeiningar, þ.m.t. þjálfun í flugþjálfu, ef við á.
  - ii. Skilgreina skal og samþykkja þjálfunaráætlun fyrir hvert námskeið.
- g) Kennarar
- i. Kennarar, sem eru með viðeigandi starfsréttindi, skulu annast bóklega kennslu. Þeir skulu:
    - i. búa yfir viðeigandi þekkingu á því sviði sem kennt er og

- ii. hafa sýnt fram á hæfni til að nota viðeigandi kennslutækni.
  - ii. Kennsla í verklegri færni skal vera í höndum kennara með viðeigandi starfsréttindi og menntun og hæfi sem:
    - i. uppfylla kröfur um bóklega þekkingu og reynslu sem er viðeigandi fyrir þá kennslu sem á að veita,
    - ii. hafa sýnt fram á hæfni til að leiðbeina og nota viðeigandi kennslutækni,
    - iii. hafa æft kennsluáðferðir í því verklagi sem fyrirhugað er að veita kennslu í og
    - iv. fá reglulega upprifjunarþjálfun til að tryggja að hæfni til kennslu sé viðhaldið.
  - iii. Kennarar í verklegri færni skulu einnig hafa, eða hafa haft, rétt til þess að gegna hlutverki flugumferðarstjóra.
- h) Matsmenn
- i. Einstaklingar, sem bera ábyrgð á að meta færni flugumferðarstjóra, skulu:
    - i. hafa sýnt fram á getu til að meta hæfni flugumferðarstjóra og til að framkvæma prófanir og athuganir og
    - ii. fá reglulega endurþjálfun til að tryggja að matskröfurnar séu ávallt í samræmi við það sem í gildi er.
  - ii. Þeir sem meta verklega færni skulu einnig hafa, eða hafa haft, rétt til að gegna hlutverki flugumferðarstjóra innan þeirra svæða þar sem matið fer fram.
- i) Heilbrigði flugumferðarstjóra
- i. Heilbrigðisviðmiðanir
    - i. Allir flugumferðarstjórar skulu reglulega sýna fram á heilbrigði til að geta gegnt með fullnægjandi hætti starfi sínu. Fylgjast skal með að farið sé að þessum viðmiðunum með því að framkvæma viðeigandi mat þar sem tekið er tillit til hugsanlegs skerts andlegs og líkamlegs atgervis vegna aldurs.
    - ii. Til þess að sýna fram á heilbrigði, sem felur í sér bæði líkamlega og andlega hæfni, skal sýna fram á að ekki sé um neinn sjúkdóm eða fötlun að ræða, sem gerir þann aðila sem veitir flugstjórnarþjónustu (ATC) óhæfan:
      - til að inna af hendi, á viðeigandi hátt, þau verkefni sem nauðsynleg eru til að veita flugstjórnarþjónustu,
      - til að gegna þeim störfum sem honum eru falin, hvenær sem er, eða
      - til að skynja umhverfið með réttum hætti.
    - ii. Ef ekki er hægt að sýna fram á heilbrigði með fullnægjandi hætti er heimilt að gera ráðstafanir til úrbóta sem veita sambærilegt öryggi.
5. Þjónustuveitendur og þjálfunarstöðvar
- a) Þjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
    - i. Þjónustuveitandi skal hafa, beint eða óbeint fyrir tilstuðlan samninga, þau tilföng sem nauðsynleg eru með tilliti til stærðar og umfangs þjónustunnar; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, kerfi, aðstaða, þ.m.t. aflgjafi, stjórnunarfyrirkomulag, starfsfólk, búnaður og viðhald hans, skráning verkefna, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráhald.

- ii. þjónustuveitandi skal útbúa og uppfæra reglulega stjórnunar- og rekstrarhandbækur, að því er varðar veitingu þjónustu sinnar, og starfa í samræmi við þær; slíkar handbækur skulu hafa að geyma öll nauðsynleg fyrirmæli, upplýsingar og verklagsreglur fyrir reksturinn, stjórnunarkerfi og starfsfólk flugrekstrarsviðs þannig að það geti sinnt skyldustörfum sínum,
  - iii. þjónustuveitandi skal hrinda í framkvæmd og viðhalda áhættutengdu stjórnunarkerfi til að tryggja samræmi við grunnkröfurnar í þessum viðauka og miða að því að bæta stöðugt og markvisst þetta kerfi,
  - iv. þjónustuveitandi skal einungis nota starfsfólk með viðeigandi starfsréttindi og þjálfun og hrinda í framkvæmd og viðhalda þjálfunar- og matsáætlunum fyrir starfsfólk,
  - v. þjónustuveitandi skal koma á formlegum tengslum við alla þá sem taka þátt í að veita þjónustuna til þess að tryggja að farið sé að þessum grunnkröfum,
  - vi. þjónustuveitandi skal koma á fót og hrinda í framkvæmd viðbragðsáætlun sem tekur til neyðarástands og óeðlilegs ástands sem getur skapast í tengslum við þjónustuna,
  - vii. þjónustuveitandinn skal koma á og viðhalda áætlun til að koma í veg fyrir slys og flugatvik auk öryggisáætlunar, þ.m.t. áætlun um tilkynningu atvika og greiningaráætlun sem skal notuð af hálfu stjórnunarkerfisins til að stuðla að því markmiði að gera stöðugar öryggisúrbætur og
  - viii. þjónustuveitandinn skal gera ráðstafanir til að ganga úr skugga um að öll kerfi og kerfishlutar, sem eru starfrækt, uppfylli ávallt öryggiskröfur.
- b) Flugstjórnarþjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- i. Nota skal vaktaskipan til að koma í veg fyrir þreytu starfsfólks sem veitir flugstjórnarþjónustu; slík vaktaskipan þarf að taka á vöktum, vinnutíma og aðlögun hvíldartíma; í takmörkunum, sem settar eru innan vaktaskipunarinnar, skal tekið tillit til viðeigandi þátta sem stuðla að þreytu s.s. svefnleysi, truflunar á dægursveiflu, næturvinnu, uppsafnaðs vinnutíma á tilteknu tímabili og einnig þegar úthlutuðum verkefnum er dreift á milli starfsfólks,
  - ii. koma skal í veg fyrir streitu starfsfólks sem veitir flugstjórnarþjónustu með þjálfunar- og forvarnaráætlunum,
  - iii. sá sem veitir flugstjórnarþjónustu skal innleiða verklagsreglur til að ganga úr skugga um að starfsfólk, sem veitir flugstjórnarþjónustu, hafi ekki skerta dómgreind eða ófullnægjandi heilbrigði,
  - iv. veitandi flugstjórnarþjónustu skal, í tengslum við meginreglur um skipulagningu og starfrækslu, taka tillit til starfrækslu- og tæknitakmarkana auk grunnreglna um mannþáttafræði.
- c) Fjarskipta-, leiðsögu og/eða kögunarþjónusta skal ekki veitt nema eftirfarandi skilyrði séu uppfyllt:
- sá sem veitir þjónustu skal upplýsa viðeigandi loftrýmisnotendur og flugumferðarþjónustudeildir tímanlega um starfrækslustöðu (og breytingar á henni) þeirrar flugumferðarþjónustu sem hann veitir.
- d) Þjálfunarstöðvar
- Þjálfunarstöðvar, þar sem boðið er upp á þjálfun fyrir starfsfólk sem veitir flugstjórnarþjónustu, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:
- i. hafa yfir að ráða öllum þeim tilföngum sem nauðsynleg eru fyrir þau ábyrgðarsvið sem tengjast starfsemi þeirra; þessi tilföng eru m.a., en takmarkast þó ekki við þau, aðstaða, starfsfólk, búnaður, aðferðarfræði, skráning verkefni, ábyrgð og verklagsreglur, aðgangur að viðeigandi gögnum og skráahald,
  - ii. hrinda í framkvæmd og viðhalda stjórnunarkerfi í tengslum við öryggi og staðal um þjálfun og miða að því að bæta stöðugt þetta kerfi og
  - iii. koma á fyrirkomulagi með öðrum viðeigandi fyrirtækjum, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja að ávallt ríki samræmi við þessar grunnkröfur.